

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Barnatrygging

Barnatrygging**1. gr. Vátryggingarsamningurinn**

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Barnatrygging

Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggingarsamningurinn	1
2. gr.	Gildistími – aldursmörk - endurnýjun	4
Vátryggingasvið Barnatryggingar 4		
3. gr.	Hvaða vernd veitir vátryggingin?	4
Bótasvið Barnatryggingar - Framtíðarvernd 4		
4. gr.	Skilyrði greiðslu bóta Framtíðarverndar	4
5. gr.	Mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku	4
6. gr.	Framkvæmd mats vegna Framtíðarverndar	4
7. gr.	Greiðsla bóta vegna Framtíðarverndar og réttthafi	4
Áfallavernd 5		
8. gr.	Skilyrði greiðslu bóta Áfallaverndar	5
9. gr.	Framkvæmd mats vegna Áfallaverndar	5
10. gr.	Greiðsla bóta og réttthafi	5
Aðhlyningarvernd 5		
11. gr.	Skilyrði greiðslu Aðhlyningarverndar	5
12. gr.	Takmörkun bótaskyldu aðhlyningarverndar	5
13. gr.	Greiðsla bóta og réttthafi	5
Sjúkdómavernd 5		
14. gr.	Skilyrði greiðslu bóta	5
15. gr.	Nánari lýsing á sjúkdómstegundum sjúkdómaverndar	6
16. gr.	Greiðsla bóta og réttthafi	7
17. gr.	Takmörkun vegna sjúkdómaverndar	7
Útfararkostnaður 7		
18. gr.	Skilyrði greiðslu bóta vegna útfararkostnaðar	7
19. gr.	Greiðsla bóta vegna útfararkostnaðar og réttthafi	7
Takmarkanir á bótaskyldu Barnatryggingar 7		
20. gr.	Almennar takmarkanir	7
21. gr.	Sérstakar takmarkanir	7
22. gr.	Aldurstengdar takmarkanir vegna 16 ára og eldri	8
Almennir skilmálar vátryggingarinnar 8		
23. gr.	Iðgjaldið	8
24. gr.	Vanskil iðgjalds	8
25. gr.	Uppsögn að hálfu vátryggingartaka – uppgjör iðgjalds	8
26. gr.	Uppsögn að hálfu félagsins á vátryggingartímanum	8
27. gr.	Brot á upplýsingaskyldu vegna áhættuupplýsinga	8
28. gr.	Brot á upplýsingaskyldu við uppgjör bóta	8
29. gr.	Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar	9

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Barnatrygging

30.gr.	Vátryggingarfjárhæðir og vísitölubinding	9
31.gr.	Greiðslur bóta.....	9
32.gr.	Frestur til að tilkynna um tjón	9
33.gr.	Fyrning	9
34.gr.	Ágreiningur.....	9
35.gr.	Vernd persónuupplýsinga.....	9

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Barnatrygging

2.gr. **Gildistími – aldursmörk - endurnýjun**

Félagið váttryggir ekki börn yngri en 6 mánaða og váttrygging fellur úr gildi er váttryggður nær 18 ára aldri.

Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini. Váttryggingin er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn.

Váttryggingarvið Barnatryggingar

3.gr. **Hvaða vernd veitir váttryggingin?**

Váttryggingin tekur til heilsutjóns sem váttryggður (barnið) verður fyrir á váttryggingartíma vegna slysa og/eða sjúkdóma.

Með orðinu “slys” er í váttryggingarskilmálum þessum átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Með orðinu “sjúkdómur” er átt við að heilsa váttryggðs hafi versnað, enda þótt ekki sé slysi um að kenna í skilningi váttryggingarinnar. Sjúkdómur telst vera til staðar talið frá þeim degi þegar lækni er fyrst leitað. Sjúkdómar með læknisfræðileg tengsl teljast vera einn og hinn sami sjúkdómur. Einangrun vegna smits samkvæmt fyrirmælum opinbers aðila telst vera sjúkdómur.

Bótasvið Barnatryggingar - Framtíðarvernd

4.gr. **Skilyrði greiðslu bóta Framtíðarverndar**

Framtíðarvernd greiðir eingreiðslubætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem hlýst af sjúkdómi eða slysi váttryggðs sem verður á váttryggingartíma. Bætur Framtíðarverndar greiðast ef mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku við endanlegt örorkumat nær 50% eða meira. Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem metin er lægri en 50% greiðast ekki.

Bætur greiðast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð Framtíðarverndar, þó þannig að hver örorkuprósentu frá 51-100% verkar fjórfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 250% af grunnváttryggingarfjárhæð Framtíðarverndar sem tilgreind er á váttryggingarskírteini. Váttryggingarfjárhæð vegna bóta Framtíðarverndar breytist með hliðsjón af breytingum á vísitölu neysliverðs án húsnæðis frá tjónsdegi til greiðsludags

5.gr. **Mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku**

Læknisfræðilega örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu váttryggðs. Sé áverka/heilsutjóns ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta það sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Ber matsmanni að styðjast við útgefnar örorkutöflur annarra landa eftir því sem frekast er unnt. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Læknisfræðileg örorka sem var fyrir hendi þegar váttryggingin tók gildi veitir aldrei rétt til bóta. Sama gildir um ör eða aðra útlitsgalla.

6.gr. **Framkvæmd mats vegna Framtíðarverndar**

Læknisfræðileg örorka skal endanlega ákveðin þegar váttryggður er 18 ára með hliðsjón af ástandi hans þá. Sé þá minna en eitt ár síðan slys varð eða sjúkdómur greindist getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en til 20 ára aldurs váttryggðs.

Ef váttryggður hefur greinst með fleiri sjúkdóma en einn og/eða lent í slysi eða fleiri slysum en einu á váttryggingartímanum, miðast mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku við heildarmat vegna allra bótaskyldra sjúkdóma og/eða slysa við 18 ára aldur. Örorka sem hlýst af öðrum sjúkdómum, slysum eða öðrum atvikum sem falla ekki undir váttrygginguna á váttryggingartíma verður ekki metinn sem hluti af mati til greiðslu bóta.

7.gr. **Greiðsla bóta vegna Framtíðarverndar og réttthafi**

Bætur greiðast váttryggðum sjálfum þegar endanlegt örorkumat liggur fyrir og hann hefur náð 18 ára aldri.

Áfallavernd

8.gr. Skilyrði greiðslu bóta Áfallaverndar

Áfallavernd greiðir eingreiðslubætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem hlýst af sjúkdómi eða slysi vátryggðs sem verður á vátryggingartíma. Bætur greiðast í réttu hlutfalli við grunnvátryggingafjárhæð Áfallaverndar sem tilgreind er í vátryggingaskírteini. Bætur Áfallaverndar greiðast ef ástandsmat á varanlegri læknisfræðilegri örorku nær 15% eða meira. Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem metin er lægri en 15% greiðast ekki.

9.gr. Framkvæmd mats vegna Áfallaverndar

Mat á læknisfræðilegri örorku vegna áfallaverndar er gert í samræmi við 5.gr. skilmála þessara. Ástandsmat á læknisfræðilegri örorku vegna Áfallaverndar er framkvæmt þegar afleiðingar bótaskylds slyss eða sjúkdóms liggja fyrir. Alla jafna skal miða við að ástandsmat fari fram innan tveggja ára.

10.gr. Greiðsla bóta og rétthafi

Bætur greiðast til vátryggingartaka.

Bótasvið Barnatryggingar - Aðhlyningarvernd

11.gr. Skilyrði greiðslu Aðhlyningarverndar

Bætur greiðast þegar vátryggður vegna sjúkdóms eða slyss er vistaður á sjúkrastofnun og/eða þarfnast sólarhrings aðhlyningar, samfara virkri meðferð, í samtals 70 daga á 90 daga tímabili. Með orðunum, virk meðferð" er átt við það sem gera þarf til þess að hafa áhrif á veikindin svo sem lyfjagjöf, þjálfun, læknismeðferð og almenna aðhlyningu og hjúkrun. Skilyrði bótaskyldu er að vottorð þess læknis sem annaðist vátryggðan á ofangreindu tímabili staðfesti vistun á sjúkrastofnun og/eða umönnunarþörf og virka meðferð sem og tímabil. Ofangreint skilyrði þarf ekki að uppfylla ef bótaskylda stofnast úr Sjúkdómavernd, en þá greiðast bætur Aðhlyningarverndar sjálfkrafa.

12.gr. Takmörkun bótaskyldu Aðhlyningarverndar

Bætur greiðast einu sinni vegna hvers slyss eða sjúkdóms sem bótaskyld er. Takmörkun þessi nær einnig til fylgikvilla þeirra sjúkdóma og slysa.

13.gr. Greiðsla bóta og rétthafi

Bætur greiðast til vátryggingartaka.

Bótasvið Barnatryggingar - Sjúkdómavernd

14.gr. Skilyrði greiðslu bóta

Bætur vegna Sjúkdómaverndar greiðast í eingreiðslu ef vátryggður hlýtur eftirfarandi sjúkdómsgreiningu, sbr. nánari lýsingu í 15. gr. skilmála þessara:

- Krabbamein
- MS (heila- og mænusigg)
- Sykursýki (diabetes mellitus, tegund 1)
- Alvarleg brunasár
- Slímseigjusjúkdómur (cystic fibrosis)
- Liðagigt

Bótaskylda er háð því að greining sjúkdóms hafi átt sér stað seinna en þremur mánuðum eftir gildistöku vátryggingarinnar. Bótaskylda er einnig háð því að vátryggður sé á lífi 30 dögum eftir að sjúkdómsgreining hefur fengist.

15.gr. Nánari lýsing á sjúkdómstegundum Sjúkdómaverndar

Krabbamein

Sjúkdómur sem gefur sig til kynna með illkynja æxli, sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja frumna og íferð í vef. Sjúkdómsgreininguna verður að sannreyna með afgerandi vefjarannsókn. Heitið krabbamein innifelur einnig hvítblæði og illkynja sjúkdóm í eitla og vessakerfinu ss. Hodkinssjúkdóm.

Undanskilið er:

- hvers konar húðkrabbamein (þ.m.t. á vörum) að undanskyldum illkynja sortuæxlum
- öll æxli sem er vefjafræðilega lýst sem forstigeinkennum eða sem einungis sýna snemmbærar illkynja breytingar
- setbundið krabbamein, ekki ífarandi

MS (heila- og mænusigg)

Heila- og mænusigg greint á barnadeild við viðurkennt sjúkrahús eða af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Hinn tryggði verður að hafa taugakerfiseinkenni í a.m.k. sex mánuði eða haft a.m.k. tvö klínískt staðfest tímabil einkenna. Þessu til staðfestingar skuli einkenni afmýlingar og truflun hreyfinga og skynjunar vera dæmigerð ásamt greiningu á mænuvökva og niðurstöðum segulómrannsókna.

Sykursýki (Diabetes Mellitus tegund 1)

Sykursýki greind af sérfræðingi í barnalækningum eða lyflækningum. Fastandi blóðsykur verður í endurteknum sýnum að hafa verið hærri en 8 mmol/l og váttrygður verður að hafa fengið meðhöndlun með insúlíni í meira en þrjú mánuði.

Alvarleg brunasár

Alvarleg brunasár eru þannig skilgreind að um þarf að vera að ræða þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs eða, ef þriðja stigs brunasár eru á andliti, þá þurfa brunasár að þekja a.m.k. 7% af yfirborði líkamans. Greining þessi þarf að vera staðfest af sérfræðingi.

Slímseigjusjúkdómur (Cystic Fibrosis)

Slímseigjusjúkdómur greindur af sérfræðingi í barnasjúkdómum. Váttrygður verður að hafa haft langvinnan lungnasjúkdóm og/eða skort á framleiðslu brissafa. Jafnframt verður svitapróf að sýna að styrkur klóríðs sé meiri en 60 mmol/l hjá 16 ára og yngri og meiri en 80 mmol/l hjá eldri en 16 ára.

Liðagigt (barnaliðagigt / langvinn liðagigt)

Liðagigt, barnaliðagigt eða langvinn liðagigt greind á viðurkenndu sjúkrahúsi eða hjá sérfræðingi í gigtarlækningum. Með gigt er í öllu samhengi átt við liðbólgu og að minnsta kosti tvö af eftirfarandi einkennum: Hreyfiskerðingu, hitaaukningu og sársauka.

Liðgigt hjá 16 ára og yngri

Gigt í fleiri en einum lið í meira en þrjú mánuði. Rannsóknir skulu hafa farið fram sem útiloka að einkennin stafi frá liðbólgu tengdri sýkingu, smitandi liðsjúkdómi, bæklunarsjúkdómi, áverkum, óeðlilegri nýmyndun vefja, ónæmishöfnun og æðabólgu.

Liðagigt hjá eldri en 16 ára

Að minnsta kosti fjögur af eftirfarandi sjö einkennum skulu vera til staðar:

1. morgunstirðleiki (stirðleiki í og kringum liði sem varir meira en 1 klukkutíma)
2. liðbólga í þremur eða fleiri af eftirfarandi liðum samtímis: úlnliður, nærkjúkuliður fingra, miðkjúkuliður fingra, olnbogi, hnéliður, ökkliður og tábergliðir
3. liðagigt í eftirfarandi liðum handarinnar: úlnliður, nærkjúkuliður fingra eða miðkjúkuliður fingra
4. samhverf liðagigt (liðagigt í sömu liðum á hægri og vinstri helmingi líkamans á sama tíma)
5. gigtarhnútar
6. jákvæðir gigtarþættir
7. dæmigerðar röntgenbreytingar á handa- og úlnliðsmyndum.

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Barnatrygging

Einkenni 1.-4. verða að hafa verið til staðar í minnst 6 vikur. Einkenni 2.-5. verða að hafa fundist af sama lækni og greindi sjúkdóminn.

16.gr. Greiðsla bóta og réttthafi

Bætur greiðast til váttryggingartaka.

17.gr. Takmörkun vegna Sjúkdómaverndar

Bætur greiðast einu sinni vegna hvernar sjúkdómstegundar skv. 14. og 15.gr. skilmálanna en váttryggingin gildir áfram fyrir aðrar sjúkdómstegundir sem þar koma fram. Þetta þýðir t.d. að aðeins einu sinnu fást greiddar bætur sjúkdómaverndar vegna allra hugsanlegra krabbameinstilvika.

Bótasvið Barnatryggingar - Útfararkostnaður**18.gr. Skilyrði greiðslu bóta vegna Útfararkostnaðar**

Ef váttryggður deyr á váttryggingartíma greiðast bætur vegna útfararkostnaðar. Váttryggingarfjárhæðin kemur fram í váttryggingarskírteini og er ákveðin óháð raunverulegum kostnaði við útför.

19.gr. Greiðsla bóta vegna útfararkostnaðar og réttthafi

Bætur greiðast til váttryggingartaka.

Takmarkanir á bótaskyldu Barnatryggingar**20.gr. Almennar takmarkanir**

Váttryggingin tekur ekki til nokkurra sjúkdóma sem sýna einkenni innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin gekk í gildi.

Váttryggingin nær ekki til slysa eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppbots eða svipaðra atvika né heldur slysa eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

21.gr. Sérstakar takmarkanir

1. Áður en váttryggingin tók gildi.

Váttryggingin tekur ekki til sjúkdóma, slysa, líkamságalla eða andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessa sýnt sig áður en váttryggingin tók gildi.

2. Meðfæddir kvillar.

Váttryggingin tekur ekki til meðfædds sjúkdóms, meðfædds líkamságalla eða meðfædds andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands ef talið er líklegt samkvæmt læknisfræðilegri reynslu;

að það hafi verið til staðar frá fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði þar í frá eða að tilhneigingin til slíks ástands hafi verið til staðar við fæðingu.

Ef einkennin koma fyrst í ljós þegar barnið er orðið 6 ára gilda takmarkanir samkvæmt tl. 2 ekki.

3. Algjör takmörkun.

Váttryggingin nær ekki til eftirtalinna sjúkdóma, heilkenna eða ástands án tillits til hvenær fyrstu einkenni koma fram:

- Hvers konar andlegur seinþroski/þroskaröskun
- ADD-DAMP-ADHD (athyglisbrestur, misþroski og athyglisbrestur með ofvirkni)
- Aspergers heilkenni
- Einhverfa
- Lesblinda eða aðrar námsraskanir

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Barnatrygging

- Tourettes heilkenni
- OCD (árátta og þráhyggja)
- geðrænar raskanir eða geðsjúkdómar. Með geðrænni röskun og geðsjúkdómi er t.d. átt við persónuleikatrufnanir, átraskanir, taugageðrænar raskanir, geðveiki, hugraskanir, þunglyndi eða langvinna þreytu.

Vátryggingin tekur ekki til sjúkdóma sem rót eiga að rekja til misnotkunar áfengis, lyfja eða vímuefna svo og lýtaaðgerða.

22.gr. Aldurstengdar takmarkanir vegna 16 ára og eldri

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins.

Vátryggingin nær ekki til slysa er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi og fallhlífarstökki, fjallaklifri, bjargsigi og froskköfun.

Almennir skilmálar vátryggingarinnar**23.gr. Iðgjaldið**

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjald er ákveðið miðað við iðgjaldaskrá félagsins hverju sinni. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

24.gr. Vanskil iðgjalds

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður. Ef vátryggður vill fá vátrygginguna í gildi aftur verður hann að fylla út nýja umsókn, sem er metin af félaginu hverju sinni.

25.gr. Uppsögn af hálfu vátryggingartaka – uppgjör iðgjalds

Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp á vátryggingartímabilinu ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn. Þá á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Réttur til endurgreiðslu stofnast þó ekki þegar vátryggingaratburður, sem veitir rétt til greiðslu bóta, hefur orðið á vátryggingartímabilinu.

26.gr. Uppsögn af hálfu félagsins á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara.

27.gr. Brot á upplýsingaskyldu vegna áhættuupplýsinga

Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið, ber félagið ekki ábyrgð. Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

28.gr. Brot á upplýsingaskyldu við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Barnatrygging

vátryggingaratburðar. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

29.gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar

Félagið greiðir venjulegan kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr vátryggingunni. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til án samþykkis félagsins.

30.gr. Vátryggingarfjárhæðir og vísitölubinding

Vátryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um vátrygginguna milli vátryggingartaka og félagsins. Upplýsingar um vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Iðgjöld og aðrar vátryggingarfjárhæðir en Framtíðarvernd eru ekki tengdar breytingum á vísitölu.

31.gr. Greiðslur bóta

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingasamninga.

32.gr. Frestur til að tilkynna um tjón

Tjón ber að tilkynna svo fljótt sem auðið er með því að hafa samband við félagið.

Vátryggður getur glatað rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað.

33.gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr vátryggingu þessari fynast samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingasamninga.

34.gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

35.gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarumsókn, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. september 2007

[Efst á skjal](#)